

*Alþingi
Erindi nr. Þ 140/594
komudagur 29.11.2011*

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis,
skrifstofa Alþingis, nefndasvið,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Reykjavík, 29. nóvember 2011.

Málefni: Umsögn vegna frumvarps Stjórnlagaráðs - Málsmeðferð.

Við meðferð Alþingis á frumvarpi Stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá er ráðlegt að taka mið af eftirfarandi:

- Alþingi hefur fengið velheppnað verk í hendur.
- Hrúnið var ástæða þess að enn var hafist handa við heildarendurskoðun á stjórnarskránni. Strax í nóvember 2008, mánuði eftir hrún, reis krafan um nýja stjórnarskrá og jafnvel nýtt lýðveldi.
- Hrúnið – og óhjákvæmilegt vantraust í garð stjórnámálanna, sem það hafði í för með sér¹ - var meginástæða þess að Alþingi fól sérkjörnum fulltrúum að endurskoða stjórnarskrána.
- Frumvarp að nýrri stjórnarskrá liti öðruvísi út ef ekkert hrún hefði orðið og eins ef sérkjörnum fulltrúum hefði ekki verið falið að koma því saman.
- Frumvarp Stjórnlagaráðs er ekki á byrjunarreit, hálfkarað, heldur þvert á móti.

Ráðið byggði verk sitt á hugmyndum þúsund manna þjóðfundar, skýrslu stjórnlaganefndar og viðamiklu safni annarra gagna, meðal annars áfangaskýrslu sem sérfræðinganefnd á vegum stjórnarskrárnefndar Jóns Kristjánssonar tók saman á sínum tíma. Stjórnlagaráð leitaði til sérfræðinganna sem sátu í þeirri nefnd auk fjölda annarra sérfræðinga, innlendra sem erlendra. Ráðið kynnti sér ennfremur hugmyndir um stjórnarskrármál og leitaði fyrirmynda víða um heim.

Á þeim fjórum mánuðum sem Stjórnlagaráð starfaði áttu landsmenn greiðan aðgang að ráðsfulltrúum og gafst tækifæri til að gera athugasemdir. Umfangsmikið og opið samráð Stjórnlagaráðs við almenning í landinu, einkum í gegnum netmiðla, vakti heimsathygli. Ráðið tók við og fór yfir hundruð formlegra erinda frá almennum borgurum og félagasamtökum, og athugasemdir einstaklinga við einstakar greinar og ákvæði skiptu þúsundum meðan frumvarpið að nýju stjórnarskránni var í smíðum.

¹ Þingsályktun um viðbrögð Alþingis við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis 2010. 138. löggafarþing. Þál. 29/138. [Sjá á vefslóð: <http://www.althingi.is/alttext/138/s/pdf/1537.pdf>]


- Verk Stjórnlagaráðs lukkaðist fyrst og fremst vegna þess að ráðið - svo skipað sem það var – hafði almannahagsmuni að leiðarljósi en lét sig sérhagsmuni engu skipta. Engar efasemdir voru uppi um annað. Staða stjórnámálanna og stjórnámálflokka er að þessu leyti erfiðari sem stendur.²
- Sá skammi frestur sem stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd hefur veitt til þess að skila inn umsögnum um frumvarpið nýtist lítt öðrum en skipulögðum samtökum. – Í því ljósi er rétt að minna á, að Alþingi er vettvangur almannahagsmuna. Sértekir hagsmunir eiga þar alls ekki heima.

Þótt umsagnarfrestur sé um það bil liðinn, þá hafa landsmenn ekki enn fengið rækilega kynningu á frumvarpinu. Rík ástæða er til að bæta úr því, hvað sem umsagnarfrestinum líður.

- Formenn allra þingflokka hafa lýst yfir að þeir vildu víðtæka umræðu um frumvarp stjórnlagaráðs. Slík umræða hlýtur að byggjast á því að almenningur þekki efni frumvarpsins. Þá getur mat almennings á hugsanlegum breytingum á frumvarpinu aðeins orðið raunhæft að undangenginni vandlegri kynningu á því.
- Sjá þarf til þess að frumvarp Stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá, ásamt skýringum, berist hverju heimili í landinu. Það er óhjákvæmilegt ef efna á til upplýstrar og vandaðrar umræðu og síðan þjóðaratkvæðagreiðslu.
- Rétt 160 ár eru liðin frá því síðast var efnt til stjórnlagabings. Það gekk ekki áfallalaust fremur en nú, en í þetta skiptið gerðist kraftaverkið: Frumvarp að íslenskri stjórnarskrá leit dagsins ljós. Það er mikilvægur áfangi í sögu þjóðarinnar.

Alþingi er að sumu leyti í sömu sporum gagnvart frumvarpi Stjórnlagaráðs nú eins og gagnvart skýrslu RNA á liðnu ári. Til að leiða málið farsælega til lykta er mikilvægt að Alþingi þiggi boð fulltrúanna sem sátu í Stjórnlagaráði um að koma aftur að borðinu og að þingið hafi nána samvinnu við þá um efnislegar breytingar á frumvarpinu, ef til þess kemur. Ennfremur, að kjósendur geti kosið um frumvarp Stjórnlagaráðs óbreytt og um efnislegar breytingar sem gerðar yrðu á því í meðförum Alþingis, sérstaklega ef ekki ríkti einhugur um breytingarnar.

Virðingarfyllst,



Hjörtur Hjartarson
(kt. 2307603309)

² Vilhjálmur Árnason, Salvör Nordal, Kristín Ástgeirsdóttir: „Siðferði og starfshættir í tengslum við fall íslensku bankanna 2008.“ *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. Rítstjórar: Páll Hreinsson, Sigríður Benediksdóttir og Tryggvi Gunnarsson. Rannsóknarnefnd Alþingis. Reykjavík 2010, bls. 164-170. [Sjá vefslóð: <http://www.rannsoknarnefnd.is/pdf/RNABindi8.pdf>]